

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

### I. KAFLI

Um stjórn fjallskilmála.

#### 1. gr.

Sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur á hendi yfirsjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar. Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum.

Allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum varðandi fjallskilamál heyra undir sýslunefnd. Ennfremur geta einstakir aðilar lagt slík mál undir úrskurð sýslunefndar.

#### 2. gr.

Hreppsnefndir hafa á hendi stjórn og framkvæmdir í fjallskilamálum hver í sínum hreppi, eða í samlögum, ef svo hagar til.

Hreppsnefndir geta gert nánari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, hver á sínu fjallskilasvæði, enda brjóti ákvarðanir hreppsnefndar eigi í bága við reglugerð þessa.

### II. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

#### 3. gr.

Sérhver fjáreigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark á fé sínu. Aðfengið fé skal hann marka upp undir eyrnamark sitt, eða brennimerkja þær kindur, sem hyrndar eru, en festa plötu með skýru brennimarki í eyru á kollóttu fé.

#### 4. gr.

Draga skal fé eftir mörkum. Mark helgar markeiganda kind, nema sannist að annar eigi. Hornamark ræður fremur en eyrnamark og brennimark fremur en eyrnamark og/eða hornamark. Þó er þeim, sem kindin er dregin, skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum, sé þess krafist. Nú er kind eða gripur með óglöggu marki eða skemmdu, en maður vill helga sér eftir líkum og telst hann réttur eigandi komi hreppstjóri og réttarstjóri sér saman um það.

#### 5. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar, svo sem landslög mæla fyrir, ekki sjaldnar en áttunda hvert ár og skal útgáfu og útsendingu hennar lokið fyrir 30. ágúst það ár, sem skráin kemur út.

Sýslunefnd ræður markavörð, er sér um söfnun marka og útgáfu markaskrár. Hver markeigandi skal greiða gjald það, er sýslunefnd ákveður, fyrir innfærslu marksins í skrána, og skal gjaldinu varið til greiðslu kostnaðar við skráningu, prentun og útsendingu. Ef gjaldið nemur meiru en kostnaði, rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi gjaldið eigi til fyrir kostnaðinum greiðist það er á vantar úr sýslusjóði. Hvert heimili, sé þar markeigandi, fær eitt eintak af markaskránni ókeypis.

Í markaskrá skal vera:

1. Skrá um eyrnamörk og brennimörk, sem heimilt er að nota í sýslunni.
2. Nafnaskrá markeigenda.
3. Skrá um ben þau, sem heimilt er að nota í sýslunni, ásamt skýringamyndum.
4. Útdráttur úr reglugerðum um mörk og markaskrár og litamerkingu sauðfjár.

#### 6. gr.

Eyrnamörk, sem leyfilegt er að nota innan sýslunnar eru þessi: Biti, blaðstíft, fjöður, gagnbitað, hamrað, hálf af, heilrifað, hólfur, hvatt, hvatrifað, lögg, sneiðrifað, sneitt, stig, stífrifað, stýft, sýlt, tvíbitað, tvífjaðrað, tvístýft.

#### 7. gr.

Nú flyst maður inn í sýsluna og skal hann þá tilkynna mark sitt markaverði sýslunnar. Þeir, sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá, eða í Lögbirtingablaðinu fyrir tilstilli markavarðar, mega búast við að með fé þeirra verði farið sem óskilafé.

#### 8. gr.

Brennimörk og plötumerki hreppanna eru þessi:

Barðastrandarhreppur	VB 1
Rauðasandshreppur	VB 2
Patrekshreppur	VB 3
Tálknafjarðarhreppur	VB 4
Ketildalahreppur	VB 5
Suðurfjarðarhreppur	VB 6

Sjá nánar um mörk og markaskrár í reglugerð nr. 421 frá 24. nóv. 1978.

### III KAFLI

#### Um notkun beutilanda.

#### 9. gr.

Fjallskilasamþykkt þessi tekur til allra landa innan takmarka Vestur-Barðastrandasýslu, hvort sem teljast óbyggðir, afréttarlönd eða heimalönd.

#### 10. gr.

Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð, fer eftir fornri venju og samningum. Hafi sveitarfélag sameiginlegan afrétt, eiga þeir hreppsþúar, sem landsafnot hafa, rétt á að reka þangað búfé sitt. Sveitarstjórn getur þó, ef afréttarland er þröngt, takmarkað tölu búfjár frá eigendum, skal hún þá taka tillit til stærðar og beitarþols heimajarðar manna. Sveitarstjórn getur og hlutast til um að fé sé rekið í lönd einstakra jarða, enda sé landeigandi því samþykkur. Sveitarstjórn getur skyldað menn til að reka á afrétt, sé hann fánlegur, enda sé þröngt í heimalöndum þeirra, eða fé valdi ágangi á nágrannajarðir.

## 11. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið gjald fyrir upprekstur. Rennur gjaldið í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð, ef til er. Sé um land í einkaeign að ræða, ákveðst gjaldið til landeiganda og eftir samkomulagi við hann. Ákvörðun um upphæð hagatolla breytist árlega í samræmi við verð á búvöru.

## 12. gr.

Enginn má taka til hagagöngu búfé utansveitarmanna, án samþykkis sveitarstjórnar og sauðfjárveikivarna.

## 13. gr.

Óheimil eru öll afnot af landi jarða, nema með leyfi viðkomandi ábúanda eða sveitarfélags, ef um afrétt þess er að ræða, þar með talin grasnyt og veiðiskapur hverskonar. Eigendum eyðijarða er óheimilt að ráðstafa grasnyttjum, nema með samþykki þeirra, er þær hafa á leigu.

## IV. KAFLI

## Um ágang og ítölu.

## 14. gr.

Ef sveitarfélag, hluti þess, eða einstakar jarðir verða fyrir miklum ágangi aðkomufjár í lönd sín, svo að spilli fyrir búskaparaðstöðu á jörðum, eða valdi óeðlilega mikilli fyrirhöfn, getur sveitarstjórn krafist ítölu í lönd þeirra, er ágangsfé eiga. Sé um utansveitarfé að ræða, er hreppsnefndum beggja aðila skylt að leita úrræða eða samkomulags.

## 15. gr.

Nú gengur margt fé leyfislaust í sumarbeitilönd annarrar sveitar og skal þá sveitarstjórn þeirrar sveitar, er fé á, skylt að kveðja til menn í fyrstu og aðrar göngur í þær sveitir, er fyrir ágangi verða, ef sveitarstjórn þar gerir kröfu til. Krafa um slíka gangnamenn skal byggð á fjártölum í fyrstu réttum næsta haust á undan. Laun þessara manna greiðast úr sjóði þeirrar sveitar er féð tilheyrir.

## 16. gr.

Gangi búpeningur í engi, tún, garðlönd eða önnur afgirt svæði og valdi tjóni, skal eigandi gjalda ábúanda bætur. Sé um endurtekinn ágang sama búpenings að ræða, getur ábúandi sett hann inn og gert eiganda aðvart, enda hafi hann áður skorað á eiganda að afstýra frekari ágangi. Skal eiganda tilkynnt um innsetninguna samdægurs. Vitji eigandi eigi hins innsetta búpenings innan tveggja sólarhringa og greiði uslagjald samkvæmt mati tveggja manna, er hreppstjóri nefnir til, má hreppstjóri (bæjarfógeti) selja féð á opinberu uppboði, eða leiða til slátrunar. Andvirðið, að frádregnu uslagjaldi og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri búfjáreiganda. Um ágang búfjár vísast að öðru leyti til IV kafla laga nr. 42/1969.

## V. KAFLI

## Um fjallskil.

## 17. gr.

Tvennar skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, síðari leitardagur tveim vikum seinna. Þó skal heimilt, ef samkomulag næst milli hreppsnefnda á samliggjandi leitarsvæðum, að ákveða aðra leit-

ardaga, ef til þess fæst leyfi sýslunefndar. Heimilt er sveitarstjórn einnig, að fengnu samþykki sýslunefndar að skipta fjallskiladeild í fleiri en eitt leitar svæði, ef þurfa þykir, vegna fólksfæðar eða staðháttar. Sveitarstjórnir geta, ef þurfa þykir, fyrirskipað þriðju leit og ákveðið leitar dag.

Rétta skal sama dag og leitir fara fram, þó er heimilt að fresta réttarhaldi til næsta dags, ef nauðsyn krefur.

#### 18. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, hver ábúandi eða húsráðandi, sem fé á. Einnig er hann fjallskilaskyldur fyrir hjú sín og börn, eigi þau fé, einnig fóðrafé og hagagöngufé. Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afréttar viðkomandi hrepps með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans, skylt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar vor og haust, sem og önnur fjallskil eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá viðkomandi sýslunefnd sjá um að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur bera  $\frac{1}{2}$ , hreppar þeir, er fjárvon eiga í löndunum  $\frac{1}{4}$ , og rikissjóður  $\frac{1}{4}$ . Búnaðarfélag Íslands úrskurðar reikningana.

#### 19. gr.

Fjallskilum í sumarbeitilöndum skal jafnað niður á fjallskilaaðila í hlutfalli við tölu vetrarfóðraðs fjár samkvæmt forðagæsluskýrslum. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu eftir því sem þörf krefur og við verður komið, ella goldin til sveitarsjóðs í peningum eftir mati sveitarstjórnar.

#### 20. gr.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn skal semja fjallskilaseðil og birta þeim, sem hlut eiga að máli minnst viku fyrir göngur. Ekki leysir það fjallskilaskyldan aðila frá gangnaskyldu. Þótt gangnaboð berist honum ekki í tíma áður en fjallgöngur hefjast. Í fjallskilaseðli skal ákveðið, hvernig fjallskilum og leitum í heimalöndum skuli hagað. Skal sveitarstjórn tilnefna einn eða fleiri leitarstjóra í hreppnum. Leitarstjórar skulu stjórna göngum leitarmanna og annast um að allt fari vel og skipulega fram.

#### 21. gr.

Hver, sem fjallskil á að inna af hendi, skal leggja til fullgilda og vel útbúna menn í leitir. Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarstjóri telur óhæfan sökum ófullkomleika eða illa útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hefði engan sent.

Óhlýðni við fyrirskipanir leitarstjóra varða sektum.

Ef maður vanrækir, án lögmætra ástæðna, að inna fjallskil af hendi, skal hann eftir ákvörðun sveitarstjórnar, auk greiðslu fyrir fjallskilin, eins og þau eru metin, gjalda sekt í sveitarsjóð allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

#### 22. gr.

Hver bóndi er skyldur að smala heimaland sitt á hausti samhliða leitum, enda mæli sveitarstjórn svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla, þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórnar, ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar. Ekki verður umráðamaður lands þó krafinn um þátttöku í smölunarkostnaði, sé honum meinað að nota land sitt til sumarbeitar eða leigja það vegna búfjárveikinda.

Við sundurdrátt á bæjum, skal aðkomufé dregið úr og fært til lögrétta á réttar-dögum, nema eigendur hafi áður vitjað þess. Heimilt er sveitarstjórn að skipa sér-

stakan eftirlitsmann við slíkan sundurdrátt, telji hún þess þörf. Rísi ágreiningur út af þessu sker sýslunefnd úr.

### 23. gr.

Ef fjallskilaskyldur aðili hefur engum færum manni á að skipa og getur ekki útvegað hann, skal hann tilkynna það hreppsnefnd áður en niðurjöfnun fjallskila fer fram, eða leitarstjórn. Ber hreppsnefnd þá að útvega mann eða annað, sem til vantar, enda greiði hinn fjallskilaskyldi aðili áfallinn kostnað, vítalaut.

## VI. KAFLI

### Um réttir, meðferð óskilafjár, hreinsun heimalands og eftirleitir.

#### 24. gr.

Réttarstaðir skulu ákveðnir af sýslunefnd að fengnum tillögum hreppsnefnda. Í hverjum hreppi skal vera minnst ein aðalrétt og aukaréttir eftir þörfum. Skilaréttir í hreppum sýslunnar skulu vera á þeim stöðum, er hér segir:

#### Barðastrandarhreppur:

Aðalrétt í Haga.

Aukarétt á Brjánslæk.

#### Rauðasandshreppur:

Aðalrétt á Rauðasandi.

Aukaréttir í Breiðuvík og Vestur-Botni.

#### Patrekshreppur:

Aðalrétt á Patreksfirði.

#### Tálknafjarðarhreppur:

Aðalrétt á Hjallatúni.

Aukarétt á Kvigindisfelli.

#### Ketildalahreppur:

Aðalrétt í Grænuhlíð.

Aukarétt í Selárdal.

#### Suðurfjarðahreppur:

Aðalrétt í Dufansdal.

Aukaréttir í Trostansfirði, Litlueyri og Fossi.

#### 25. gr.

Þegar byggja þarf lögrétt er landeigandi hver skyldur að leggja til nauðsynlegt land undir hana, þó ekki tún eða engi.

Valdi réttarbygging grasnámi eða jarðusla skal bæta það landeiganda, ef krafist er, úr fjallskila- eða sveitarsjóði, eftir mati dómkvaddra manna.

#### 26. gr.

Sveitarstjórn ber að sjá um, að til sé á hverjum réttarstað hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilkrými við hverja rétt, svo og að réttinni sé vel við haldið. Nú er ákveðið að reisa eða endurbyggja lögrétt, og skal þá, ef ekki er öðruvísi ákveðið, kostnaður við bygginguna greiddur úr viðkomandi sveitarsjóði. Heimilt er sveitarstjórn að jafna sérstaklega niður á fjallskilaskylda aðila gjaldi í fjallskilasjóð vegna réttarbyggingar, sbr. 48. gr. laga um fjallskil o.fl. Viðhald réttar greiðist með sama hætti.

## 27. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa duglega réttarstjóra við hverja lögrétt. Réttarstjóri skal vera kominn í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir um hvernig fjárdrætti skuli haga og heldur mönnum til starfa. Hann bannar og óreglu, er veldur hindrun við réttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans varðar það sektum.

## 28. gr.

Meðan varnarhólfum er við haldið skal réttarstjóri annast eftir föngum, að fé úr öðrum varnarhólfum sé fjarlægt úr réttinni, svo fljótt sem kostur er. Skal ætla sérstakan dilk fyrir slíkt fé. Hafi smitandi sjúkdómur, svo sem garnaveiki eða riða, komið fram innan svæðisins, skal réttarstjóri hafa umsjón með að fé af þeim bæjum sé dregið hið fyrsta í dilka. Hefur sveitarstjórn með samþykki sauðfjárveikivarna heimild til að fyrirskipa sérmerkingu þess fjár, áður en fé er sleppt af húsi að vori.

Enginn má hleypa úr dilk fyrir en réttarstjóri leyfir, og fjáreigendur mega ekki fara úr rétt fyrir en fjárdrætti er lokið.

## 29. gr.

Réttarstjóri skal annast um, að ómörkuð lömb séu hirt á réttinni og dregin sér í dilk, svo eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Að afloknum réttum tekur hreppstjóri þau og annað óskilafé, sem ekki finnast eigendur að, í sína vörslu, og skal því þegar lógað í sláturhúsi. Áður en slíku fé er lógað skal hann skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra auðkenna, er eigendur gætu helgað sér eftir. Geti enginn helgað sér eignarrétt á slíku fé, rennur andvirði þess í sveitarsjóð viðkomandi fjallskiladeildar. Óskilafé, sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, skal fara með á sama hátt.

Andvirði óskilafjár, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að greiða megí út verð hvernar kindar, ef eigandi finnst.

## 30. gr.

Fyrir árslok skulu hreppstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hvernar skepnu eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn innan níu mánaða frá birtingu tilkynningar.

## 31. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðast eiganda, sanni hann eignarrétt sinn, ella í fjallskilasjóð skv. 29. gr.

## 32. gr.

Sveitarstjórn skal sjá um vörslu utansveitarfjár, sem ekki er sótt í lögréttir. Ber oddvitum hreppa, er féð tilheyrir, að láta sækja það svo fljótt sem auðið er eða um er samið.

Verði féð ekki sótt innan 3 daga eða gerð viðunandi grein fyrir því af hendi eiganda, ber sá hreppur, er féð tilheyrir, allan kostnað af geymslu þess og fyrirhöfn.

Komi afbæjafé fyrir, eftir að fjallskilum er lokið, skal tilkynna það eigendum fjárins og skulu þeir sjálfir bera allan kostnað af ráðstöfun þess. Hirði hvorki eigandi né hreppsnefnd, þar sem slíkt fé á heima, sem um er rætt í grein þessari, um ráðstöfun þess, skal fara með það sem óskilafé samkv. 29. gr.

## 33. gr.

Ekki má marka fé í réttum nema með leyfi réttarstjóra, enda geri sá, sem þess þarf, fullnægjandi grein fyrir eignarrétti, eða umráðarétti fjárins.

Hver sá, sem fjallskil innir af hendi, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama svo fljótt sem verða má, ómerkinga, sem vart kann að verða og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

## 34. gr.

Skylt er hverjum manni að greiða sem best fyrir fé annarra. Hver sem gerir sig sekan um skeytingarleysi eða illa meðferð á heimtu fé, meðal annars að svelta það inni, reka það óþyrmilega eða týna því, skal kærður til hegningar.

## 35. gr.

Nú verður vart fjár í ógöngum og er þeim þá skylt er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanna eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum greiðir eigandi kindar hálf andvirði hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður þar sem eigandi er heimilisfastur hinn hluta kostnaðar. Náist kindur hinsvegar ekki lifandi skal sýslusjóður þar sem björgunartilraun var gerð, bera kostnað vegna tilraunarinnar, enda samþykki sýslumaður reikninga.

## VII. KAFLI

## Um smalanir að vori.

## 36. gr.

Um smalanir að vori skulu fjáreigendur vera frjálsir. Hreppsnefnd er þó skylt að samræma vorsmölun, ef meirihluti fjáreigenda á samliggjandi smölunarsvæði óskar eftir því. Ef fé er ekki í vörslu um burð, skal fjáreigandi smala til að marka lömb og ljúka því áður en 12 vikur eru liðnar af sumri.

## VIII. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 37. gr.

Skylt er hverjum sláturleyfishafa að hafa markglöggan mann í sláturrétt meðan á slátrun stendur. Skal hann gæta þess, að misdráttur eða ruglingur eigi sér ekki stað á sláturfé. Telji hann eignarheimild á fénaði vafasama skal hann leita nánari upplýsinga þar um.

## 38. gr.

Senda skal eitt eintak af reglugerð þessari sérprentað á hvert sveitaheimili í sýslunni og til annarra þeirra, er eftir henni þurfa að fara.

## 39. gr.

Brot gegn fyrirmælum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og skal renna í sveitarsjóð þeirrar sveitar, sem brot er framið í. Með mál skal farið að hætti opinberra mála.

## 40. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu nr. 126, 12. september 1958.

Fjallskilareglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58, 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42 12. maí 1969, og breyting á þeim lögum nr. 43/1976, til þess að öðlast gildi frá og með 1. október 1981, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 26. apríl 1982.*

**Pálmi Jónsson.**

*Haukur Jörundarson.*

**REGLUGERÐ****um búfjárhald í Þingeyrarhreppi.**

## 1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í lögsagnarumdæmi Þingeyrarhrepps án sérstaks leyfis hreppsnefndar, þó skerðir þetta ekki rétt lögbýla innan hreppsins.

## 2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar.

Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru sem máli kann að skipta.

## 3. gr.

Telji hreppsnefnd að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið. Má veita það í ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar.

Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfi að undangenginni aðvörun.

## 4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um gæslu búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

## 5. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfi er veitt fyrir eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

## 6. gr.

Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt reglugerð þessari, skal hafa búfé í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda. Visast að öðru leyti til 7. gr.